

Tillaga úrskurðar- og umsagnarnefndar, desember 2010.

VIÐAUKI

VIÐ

SAMKOMULAG UM SAMSKIPTI LÍFEYRISSJÓÐA 2008

1. gr.

- 1.1. Nú stofnast réttur til örorkulífeyris samkvæmt 3. gr. samskiptasamkomulags lífeyrissjóða 2008, og skal þá flytja réttindi frá sjóðum, þar sem fjárhæð lífeyris nemur innan við 600 krónur á mánuði, miðað við 100% orkutap. Hjá sambættingarsjóði miðast mark þetta við greiðslu úr sameign ásamt greiðslu úr þeim hluta séreignar, sem fellur undir lágmarkstryggingavernd, sbr. gr. 4.2. samskiptasamkomulagsins, en flutningsfjárhæð miðast við réttindi í sameign. Það er skilyrði fyrir flutningi, að sjóðfélagi hafi orðið fyrir orkutapi fyrir lok þess mánaðar, er hann náði 62 ára aldri.
- 1.2. Flytja skal réttindi til þess sjóðs með a.m.k. 600 króna mánaðargreiðslu samkvæmt 1.1., sem síðast var greitt til. Ef mánaðargreiðslan nær hvergi 600 krónum, skal flytja réttindin til þess sjóðs, sem síðast var greitt til. Komi fleiri en einn sjóður til greina, skal flytja réttindin til þess sjóðs, sem hæst iðgjöld voru greidd til síðustu 12 mánuðina.
- 1.3. Við flutning veita hin fluttu réttindi lífeyrisrétt í þeim sjóði, sem á móti tekur, eins og um væri að ræða réttindabreytingu til aukningar áunnum réttindum hjá sjóðnum. Réttindi falla niður hjá þeim sjóði, sem flutt er frá.

2. gr.

- 2.1. Fyrir flutning réttinda skal sá sjóður, sem flutt er frá, greiða þeim sjóði, sem flutt er til, fjórtánfalda ársfjárhæð hins flutta lífeyris miðað við fjárhæð lífeyris flutningsmánaðar og 100% orkutap, þ.e. fjárhæð flutningsmánaðar x 12 x 14.

3. gr.

- 3.1. Ákvæði viðauka þessa gilda um örorkulífeyrismál, þar sem orkutap hefur orðið eftir 31. janúar 2008. Um eldri lífeyrismál gilda ákvæði gr. 13.2. samskiptasamkomulagsins 2008.
- 3.2. Hafi lífeyrisjóður þegar greitt örorkulífeyri, sem fellur undir viðauka þennan, skal viðtökusjóður taka við lífeyrisgreiðslum frá og með næsta mánuði eftir að honum berst beiðni um flutning. Greiðslur, sem átt hafa sér stað fyrir flutning, hafa ekki áhrif á þá fjárhæð, sem greiða ber fyrir flutninginn samkvæmt 2. gr.

4. gr.

- 4.1. Fjárhæð sú, sem tilgreind er í 1. gr., 600 krónur á mánuði, miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 230 og breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitolunni.
- 4.2. Við flutning skal miðað við réttindi, eins og þau eru hjá þeim sjóði, sem flutt er frá, fyrsta dag mánaðar eftir orkutap. Við flutning samkvæmt gr. 3.2. skal þó miðað við réttindi, eins og þau eru í desember 2010.

5. gr.

- 5.1. Viðauki þessi gildir fyrir þá lífeyrissjóði, sem aðild eiga að samskiptasamkomulaginu 2008 og Landssamtökum lífeyrissjóða hefur borist tilkynning um aðild að viðaukanum eigi síðar en 31. mars 2011. Berist slík tilkynning síðar, gildir aðildin einungis um mál, sem úrskurðað er um hjá aðflutningssjóði eftir lok þess mánaðar, er tilkynningin berst.
- 5.2. Um uppsögn aðildar að viðauka þessum gilda ákvæði gr. 13.4. samskiptasamkomulagsins.